

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 143/1644
komudagur 22.4.2014

Reykjavík, 22. apríl 2014
R2014040007/12.8.4

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar - 484. mál, þskj. 836

Ríkisskattstjóri hefur þann 3. apríl 2014 mótttekið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um séreignasparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimilt verði að ráðstafa séreignarsparnaði inn á veðlán sem tekin voru vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og hins vegar að ráðstafa iðgjöldum sem safnast hafa upp á tilteknu tímabili til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Ríkisskattstjóri telur að eftirfarandi atriði í frumvarpinu þarfnist umorðunar eða nánari skýringa:

Framlag launagreiðanda:

Þá bendir ríkisskattstjóri á að skýrt þarf að koma fram í frumvarpstexta hversu há fjárhæð framlag launagreiðanda megi vera. E.t.v. þarf að koma skýrar fram andi laganna um að framlag launagreiðanda fari ekki umfram 2% af iðgjaldsstofni og sé ekki hærra en framlag launþegans sjálfs. Í greinargerð með frumvarpinu er á hinn bóginn í athugasemdum við 1. gr. þess gengið út frá að hámarksframlag frá launagreiðanda sé 167.000 kr. - samræma þyrfti þetta.

Skipting hámarksfjárhæðar á milli sambúðarfólks

Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt að orðalag um hvernig skuli skipta hámarksfjárhæð á hverja fasteign (heimili) á milli sambúðarfólks sé skýrara og að kveðið sé sérstaklega á um millifærslu yfir til maka nýti annar aðilinn ekki heimild sína. Jafnframt er það álit ríkisskattstjóra að um skiptingu hámarksfjárhæðar milli einstaklinga sem uppfylla skilyrði til samsköttunar gildi hið sama og um millifærslu persónuafsláttar sbr. 7. málsl. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þannig að skipting fjárhæðarinnar á tekjuárinu sé endanleg skipting sem ekki taki breytingum í skattframtölum viðkomandi. Þannig þurfi að bæta við tilvísun til framangreinds ákvæðis tekjuskattslaga við 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Sala íbúðarhúsnæðis:

Ríkisskattstjóra hafa borist ábendingar um að nauðsynlegt sé að hafa í frumvarpstexta ákvæði um hvernig með skuli fara ef íbúðarhúsnæði er selt innan tekjuársins og annað ekki keypt í staðinn. Á í slíkum tilvikum að hlutfalla hámarksheimildir til greiðslu inn á höfuðstól lána eða ekki? Í þessu samhengi þarf einnig að vera ljóst hvort ekki verði heimilt að taka út séreignarsparnað sem myndast hefur frá því íbúðarhúsnæði var selt þangað til nýtt íbúðarhúsnæði er keypt, að uppfylltum öðrum skilyrðum sem um getur í b-lið 1. gr.

frumvarpsins.

Hugtakið skuldheimtumenn:

Ríkisskattstjóri telur að huga þurfi að hugtakanotkun í frumvarpinu. Hugtakið skuldheimtumenn kemur fyrir á tveimur stöðum, í a- og b-lið 1. gr. Það er álit ríkisskattstjóra að ef til vill væri eðlilegra ef að í a-lið stæði *lánveitendum* í stað skuldheimtumönnum.

Staðfesting greiðslusögu

Í 5. mgr. b-liðar 1. gr. frumvarpsins kemur fram að vörsluaðilar skuli staðfesta upplýsingar sem ríkisskattstjóri miðlar úr umsókn. Það er álit ríkisskattstjóra að réttara væri að vörsluaðilar myndu *staðreyna* umræddra upplýsingar.

Útgreiðsla séreignasparnaðar umfram hámarksfjárhæð:

Ríkisskattstjóri telur nauðsynlegt, til að taka af allan vafa, að lögfest verði ákvæði þess efnis að sé útgreiðsla séreignasparnaðar umfram hámarksfjárhæðir teljist það sem umfram er til skattskyldra tekna á greiðsluári.

Framangreindu til viðbótar vill ríkisskattstjóri vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði sem kveða á um hvernig með skuli fara þegar slitnar upp úr sambúð þar sem báðir sambúðaraðilarnir hafa ráðstafað séreignasparnaði inn á veðlán sem hvílir á íbúðarhúsnæði sem er í eigu annars sambúðaraðilans en ekki hins. Í þessum tilvikum verður ekki annað séð en að sá aðili sem ekki var þinglýstur eigandi að íbúðarhúsnæðinu geti fengið að nýta hámarksfjárhæð samkvæmt a- og b-lið.

Ef efnahags- og viðskiptanefnd óskar frekari upplýsinga er sjálfsagt að verða við því

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J Rögnvaldsson


Elín Alma Arthursdóttir